

Miðvikudaginn 1. okt. 1924.

Nr. 42/1924.

Rjettvísinn (Pjetur Magnússon)

gegn

Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni

(Lárus Fjeldsted).

Þjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. júlí 1924: Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson sæti 8 — átta — mánaða betrunarhúsvinnu. Svo greiði ákærði og allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Afbrot hins ákærða ber að heimfæra undir 232. gr. 2. málslíð hinna almennu hegningarlaga og með því að refsingin þykir hæfilega ákveðin af hjeradsdóm-aranum 8 mánaða betrunarhúsvinna, ber að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm.

Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu rjettvísinnar höfðað gegn hinum ákærða Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni, til heimilis í Ólafsvík, fyrir brot gegn 23. kapitula hinna almennu hegningarlaga, og eru mála-vextir samkvæmt skýrslum málsins þeir, er nú skal greina:

Hinn 4. febrúar þ. á. um kl. 6 síðdegis var ákærði á gangi í Ólafsvíkurkaupþúni og kom að svonefndu Götuhúsi þar í kaup-túninu, þar sem er sölubúð Kaupfjelds Ólafsvíkur. Hafði hann á göngu sinni mætt kaupfjeldsstjóranum á leið úr búðinni og vissi að búðin mundi því vera mannlaus, sá að ytri hurð búðarinnar var ekki læst og var frá komum sínum í búðina fyrirfarandi daga kunnugt um, að rúða á annari vængjahurðinni í innri útihurð búðarinnar var brotin og taldi því færi vera á því að fara inn í búðina án þess vart yrði við og það enda þótt ljós logaði í búðinni. Í þessu bar þar að Gunnlaug Gunnlaugsson unglingspilt á Fagrabakka í Ólafsvík og stakk kærði upp á því við hann, að þeir skyldu fara inn í búðina. Fóru þeir svo að búðardyrnum og var ytri hurð búðarinnar opin, en innri hurðin, vængjahurðin, aflæst, og er þeir komu að brotnu rúðunni í vængjahurðinni ætlaði Gunnlaugur að fara fyrst inn í búðina og var kominn hálfur inn um rúðuopið, en ákærði kipti þá í öxl hans og dró hann til baka, og kvaðst ætla að fara inn í búðina sjálfur. Fór ákærði svo inn um rúðuopið á vængjahurð innri búðarhurðarinnar þannig, að hann setti fyrst annau fótinn inn um rúðuopið, komst svo inn með efri hluta búksins og dró því næst hinn fótinn inn, og var þá kominn inn í búðina. Ljós logaði á lampa í búðinni, og einnig á kontór innar af búðinni, og gardína var fyrir kontór-glugganum. Ákærði gekk svo inn á kontórinna innar af búðinni, sem var óaflæstur og að púlti þar, sem hann vissi að kaupfjeldsstjórinna var vanur að geyma í peninga, lyfti upp ólæstu púltlokinu og sá þar niðri í púltinu tvo peningakassa, sem báðir voru ólæstir, tók úr öðrum þeirra tvo 10 kr. seðla og einn 10 kr. seðil úr hinum kassanum, hallaði svo aftur púltlokinu, ljet aftur kontór-hurðina, gekk því næst fram í búðina og fór svo út um rúðuopið á vængjahurðinni á sama hátt og hann komst þar inn. Ekki tók hann annað úr búðinni eða kontórnum en tjeðar 30 kr. í peningum. Meðan á þessu stóð hafði Gunnlaugur verið á hnotskóg á götunni úti fyrir búðarhúsinu og í námunda þar við. Af peningunum 30 kr., hefir kaup-

fjelagsstjóranum verið skilað aftur 25 kr., en hann hefir fráfallið tildæming iðgjalda fyrir hinar vantandi 5 kr.

Með brjefi, dags. 23. apríl þ. á. hefir dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðað, að málshöfðun gegn Gunnlaugi Gunnlaugs-syni, sem er fæddur 15. ágúst 1906 og því aðeins 17 ára, skuli falla niður með skilorðum 6. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga. Er því mál þetta höfðað gegn Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni einum.

Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson er fæddur 8. oktbr. 1900. Hann var með aukarjettardómi sýslunnar uppkveðnum 9. nóvbr. 1922 dæmdur með skilorðsbundnum hegningardómi í 5 daga fangelsi við vatn og braud fyrir brot gegn 230 gr. hinna almennu hegningarlaga. Afbrot það er hann nú er saksóttur fyrir þykir verða að heimfæra undir 231. gr., 4. málslíð hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Svo greiði ákærði og allan af málinu leiðandi kostnað.

Það vottast, að rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 8. okt. 1924.

Nr. 41/1924.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Sveini Sveinssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot á aðflutningsbannslögunum á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 11. jan. 1924:
Kærður Sveinn Sveinsson greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs. Framangreint áfengi með ílátum skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað greiði kærður. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Kærði er í hinum áfrýjaða dómi dæmdur bæði fyrir söluna á spiritusnum til þeirra Ágústs N. Benja-